

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

Kæra sveitarstjórnarfólk,

Til hamingju með kjörið í sveitarstjórn. Með þessu kynningarbréfi vill stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vekja athygli ykkar á Samtökum orkusveitarfélaga. Samtökin eru samstarfsvettvangur sveitarfélaga sem hafa beina hagsmuni af nýtingu orkuauðlinda, uppbyggingu og rekstri orkuvera og áhrifum orkuvinnslu á nærsamfélög. Sveitarfélög sem hafa innan sinna marka, starfandi orkuver eða virkjanir sem nýta vatnsafl, vindorku eða jarðhita til raforkuframleiðslu, slíkar virkjanir í umsóknarferli, í byggingu, í undirbúningi eða skilgreinda orkukosti í nýtingarflokki eða biðflokki rammaáætlunar eða í aðalskipulagi geta gerst aðilar að samtökunum.

Einnig á þetta við um sveitarfélög sem tengjast vatnsmiðlun, virkjunarmannvirkjum eða vatnsflutningum til eða frá virkjunum eða virkjanakostum sem nefndir hafa verið. Sveitarstjórnir sem telja að sveitarfélag þeirra kunni að uppfylla þessi skilyrði eru hvattar til að kynna sér starfsemi Samtaka orkusveitarfélaga og skoða hvort rétt sé að sækja um aðild að samtökunum. Sveitarfélag sem óskar aðildar að SO sendir erindi þess efnis til stjórnar samtakanna og verður aðildarbeiðni tekin fyrir á næsta aðalfundi sem verður 21. ágúst nk.

Sterkari rödd sveitarfélaga í orkumálum

Málefni orkuvinnslu, virkjana, vindorku, skatttekna, auðlindarentu, raforkuverðs og umhverfisáhrifa snerta beint hagsmuni margra sveitarfélaga. Þau hafa áhrif á skipulag, landnotkun, tekjur, atvinnu, innviði, búsetuskilyrði og framtíðarþróun samfélaga víða um land. Samtök orkusveitarfélaga veita aðildarsveitarfélögum sameiginlegan vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, miðla reynslu og vinna saman að því að nærsamfélög njóti sanngjarns ávinnings af orkuvinnslu.

Nánari upplýsingar má finna á www.orkusveitarfelog.is





Samtökin leggja áherslu á að ákvarðanir stjórnvalda um orkumál taki mið af raunverulegum áhrifum á sveitarfélög og íbúa þeirra. Í stefnumörkun stjórnar 2024-2026 er meðal annars lögð áhersla á innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu til nærsamfélaga, jöfnun raforkuverðs, mótun skýrs lagaumhverfis um vindorku og markvissa hagsmunagæslu fyrir aðildarsveitarfélög.

Tilgangur samtakanna:

Samkvæmt samþykktum samtakanna er tilgangur þeirra meðal annars að:

- standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingu, fjárhagslegum hagsmunum og umhverfismálum,
- taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja, auk annarra fjárhagslegra og umhverfislegra atriða sem tengjast nýtingu orkuauðlinda,
- taka þátt í mótun orkustefnu með áherslu á stöðu vatnsafls, jarðvarma og vindorku sem sjálfbærrar orkuframleiðslu,
- miðla upplýsingum og reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málaflokkinn,
- vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, þar á meðal gerð laga og reglugerða sem varða orkumál og nýtingu orkuauðlinda, og stuðla að fræðslu og kynningu.

Stjórn samtakanna 2024—2026

Í aðalstjórn sitja:

- Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi, formaður
- Ísleifur Jónasson, Ásahreppi
- Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþingi
- Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
- Knútur Emil Jónasson, Þingeyjarsveit

Í varastjórn sitja:

- Kristinn Andersen, Hafnarfjarðarkaupstað
- Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshreppi
- Guðný Birna Guðmundsdóttir, Reykjanesbæ

Starfsmaður samtakanna er Bryndís Gunnlaugsdóttir, bryndis@samband.is.

Samtökin halda aðalfund annað hvert ár, á sléttum ártölum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og þar er meðal annars fjallað um skýrslu stjórnar, ársreikninga, fjárhagsáætlun, árgjöld, breytingar á samþykktum og kosningu stjórnar.

Næsti aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn 21. ágúst nk. Á fundinum verður kosin ný stjórn samtakanna fyrir kjörtímabilið 2026-2028. Nánari upplýsingar um aðalfund verða sendar aðildarsveitarfélögum þegar nær dregur.

Reglulega eru haldnir orkufundir. Orkufundur er opinn kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsfólk, stjórnendur og kjörna fulltrúa aðildarsveitarfélaga, auk annarra sem láta sig orkumál og hagsmuni nærsamfélaga orkuvinnslu varða.

Aðildarsveitarfélög:

Aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga eru 23 talsins og ná til sveitarfélaga sem hafa hagsmuna að gæta vegna orkuvinnslu, virkjunarmannvirkja, vatnsmiðlunar, orkukosta eða annarra áhrifa af nýtingu orkuauðlinda. Þau eru:

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Flóahreppur, Grindavíkurbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Hrunamannahreppur, Húnabyggð, Kjósarhreppur, Múlaþing, Norðurþing, Rangárþing ytra, Reykhólahreppur, Reykjanesbær, Seltjarnarnesbær, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Skorradalshreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Sveitarfélagið Ölfus og Þingeyjarsveit.

